



Nefndasvið Alþingis  
B.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2020

## **Erindi: Umsögn um frumvarp til laga um Matvælasjóð**

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi styðja að frumvarp það um Matvælasjóð sem hér um ræðir verði að lögum.

Í umsögn þessari er fyrst fjallað um það mikilvæga samhengi sem skýrir hversu verðmætt það er að hafa vel starfandi samkeppnissjóð á sviði nýsköpunar og þróunar á sviði matvælaframleiðslu, markaðssetningar og sölu - Matvælasjóð - og hvernig mikilvægi sjóðsins tengist þeim aðstæðum og áskorunum sem alheimsfaraldur kórónuveiru veldur. Síðan er fjallað almennum orðum um reynsluna af fyrirrennara sjóðsins og lærdóma til gagns fyrir hinn nýja sjóð.

### **Viðfangsefnið og breyttar aðstæður**

Einn helsti styrkleiki íslensks sjávarútvegs er óslitin virðiskeðja frá veiðum til neytenda erlendis. Á þessu byggja yfirburðir okkar í verðmætasköpun og einnig hin mikla hæfni til aðlögunar að breyttum aðstæðum sem íslenskur sjávarútvegur er þekktur fyrir.

AVS Rannsóknasjóður hefur stutt við aðlögunarhæfni íslensk sjávarútvegs með dyggum hætti undanfarin 18 ár. Sjóðurinn er vettvangur sem leiðir saman alla þá sem koma að rannsóknum, nýsköpun og þróun á sviði sjávarútvegs til átaka við lausn sameiginlegra verkefna greinarinnar. Þarna eru atvinnugreinin opinberir aðilar, sjávarútvegsfyrirtæki, tæknifyrirtæki á sviði iðnaðar, háskólar og rannsóknastofnanir og fleiri. Verkefni eru mótuð og verða að styrkumsóknum sem keppa um styrkfé úr sjóðnum. Fagrað sem búa yfir mikilli þekkingu í greininni leggja mat á umsóknir og þær umsóknir sem bestar þykja, miklvægestar, brýnastar og líklegastar til að leiða til mestrar verðmætasköpunar hljóta brautargengi. Mat sjóðsins á verkefnum og styrkveitingar hafa jákvæð áhrif á þróun í atvinnugreininni með fordæmi sínu



langt umfram það sem rekja má til þeirra takmörkuðu fjármuna sem sjóðurinn hefur haft úr að spila.

Á starfstíma AVS sjóðsins varð bylting í tækni á sviði aflameðferðar og vinnslu. Þessi bylting hefur gert greininni kleift að viðhalda því forskoti á keppinauta sína á erlendum mörkuðum sem er henni nauðsynlegt til samkeppnishæfni og verðmætasköpunar fyrir íslenskt þjóðarþú. Þar að auki hefur þessi þróun leitt af sér nýjan útflutningsatvinnuveg í landinu á sviði tækni til matvælavinnslu o.fl.

Nú eru enn nýir og breyttir tímar og nýjar áskoranir sem mjög munu reyna á aðlögunarhæfni íslensks sjávarútvegs vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og Covid-19 sjúkdómsins. Smitótti og aðgerðir stjórnvalda valda því að fólk er lítið á ferli við þessar aðstæður. Áhrif eru þegar komin fram í eftirspurnarbresti og sölutregða mikilvægra framleiðsluafurða íslensks sjávarútvegs. Þetta stafar af því að innkaupahættir neytenda eru gjörbreyttir og lítið er um að fólk fari í matarþúðir og kaupi ferskar íslenskar sjávarafurðir í matinn eins og algengt var m.a. í Bretlandi og Frakklandi; þess í stað er aukin áhersla á að kaupa meira magn í einu af frystum afurðum. Við þetta missir íslenskur sjávarútvegur spón úr aski sínum. Sala á saltfiski gengur einnig illa við þessar aðstæður. Þá ber að geta þess að tekið hefur fyrir sölu á hágæða ferskum sjávarafurðum til veitingahúsa að stóru leiti.

Hér er vissulega á ferðinni afar brýnn vandi til skemmri og lengri tíma sem sjávarútvegurinn þarf nú á öllu sínu að halda til að glíma við.

En til viðbótar er full ástæða til að ætla að Covid sjúkdómurinn leiði af sér breytingar á þessu sviði til enn lengri tíma litið og jafnvel til mjög langs tíma. Bæði er að sífelld koma fram fleiri vísbendingar um að þessi faraldur geti staðið lengur og komið í fleiri bylgjum en áður var talið og eins er það svo að breytingar á hegðun neytenda sem verða við sérstakar aðstæður geta fest í sessi og orðið varanlegar. Í þessu sambandi má helst benda á breytta innkaupahætti þar sem pöntun á netinu og heimsending kemur að talsverðu leiti í stað ferða í matarþúðir eða á veitingahús. Þessa sér þegar stað og líklegt má telja að tími nýrra verslunarháttanna sé að renna upp. Þetta þýðir að neytendur fá meira val um hvað þeir kaupa og eru minna háðir því hvaða vörur einstaka stórmarkaðir kjósa að hafa í hillum sínum (e. Choice editing). Við þetta skapast auknir möguleikar á að koma upp verðmætum íslenskum vörumerkjum fyrir útflutningsvörur. Þessi veruleiki kallar á tafarlaus viðbrögð okkar. Þessi þróun kallar þannig meðal annars á stóraukið starf á sviði markaðssetningar íslenskra sjávarafurða til neytenda. Með þessu móti mætti hámarka verðmætasköpun í óslitinni virðiskeðju.

Ljóst er að þessar breytingar og aðrar ófyrirséðar af völdum Covid sjúkdómsins munu kalla á breytingar og aðlögun í íslenskum sjávarútvegi, í framleiðsluháttum, pökkun, flutningum, viðskiptum, markaðssetningu og sölu afurða og öðru. Árangur í að mæta þessum vanda kallar á rannsóknir, nýsköpun og þróun bæði til skemmri og lengri tíma. Kjarninn í skipulagi slíks viðbragðs og vettvangurinn sem getur leitt alla aðila saman er sem fyrr samkeppnissjóður



til styrktar þróunar- og nýsköpunarverkefnum. Á þeim vettvangi fer fram samkeppni og gerjun hugmyndanna til aðlögunar og framfara í greininni.

Þessi staða kallar á nýjar hugmyndir, ný verkefni og nýjar umsóknir hjá nýjum sjóði.

Að mati samtakanna á megináhersla nýs Matvælasjóðs að snúa að nýsköpun og þróun á sviði matvælaútflutnings. Þar er líklegast að skórinn kreppi, þar eru tækifærin mest til verðmætasköpunar og þar er mest undir fyrir þjóðarhag á þessum viðsjárverðu tímum þegar öflugar stoðir gjaldeyrisöflunar þjóðarinnar bresta. Við þessar aðstæður gegnir matvælaútflutningur afar mikilvægu hlutverki, bæði í sjávarútvegi sem endranær og í landbúnaði þar sem snarfækkun ferðamanna leiðir af sér mikinn markaðssamdrátt næstu misserin og jafnvel lengur. Í ljósi þessa er það einnig afstaða samtakanna að útflutningssjónarmið eigi að veða þyngst í stjórn og umsýslu sjóðsins.

Þessi atburðarás og staða mála sýnir vel hve mikilvægt það er að matvælaframleiðslan geti reitt sig á ólíka markaði til að mæta sveiflum og áföllum. Rétti tíminn til viðbragða við nýjum vanda er núna. Frumvarpið er því vel tímasett með hliðsjón af þeim vanda sem Covid sjúkdómurinn skapar.

## Almenn sjónarmið varðandi Matvælasjóð

Samtökin telja almennt tímabært að endurskipuleggja stuðningskerfi nýsköpunar og þróunar í atvinnugreininni. Jafnframt er mikilvægt að skapa samkeppnissjóðum til styrktar afmörkuðum hagnýtum rannsóknar- og þróunarverkefnum á matvælasviði traustari lagagrunn.

Ekki er um það að villast að reynslan af AVS sjóðnum er góð. Samtökin telja að mikilvægt sé að læra af þeirri reynslu og þróa starfsemina áfram í nýrri mynd eins og lagt er upp með í frumvarpinu. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu taka samtökin fullan þátt í þeirri vinnu sem hafin er að stefnumótum sjóðsins. Hafa ber hugfast að stefnumótun vegna AVS sjóðsins mun vera orðin 17 ára gömul og uppfærsla er því orðin tímabær í ljósi þróunar og breyttra tíma. Raunar mætti telja að eðlilegt væri að meta, endurskoða og uppfæra stefnu og áherslur sjóðs af þessu tagi á 5-10 ára fresti.

Samtökin telja mikilvægt að hinn nýi sjóður byggi að nokkru leiti á þeirri hefð sem mótast hefur á vettvangi AVS sjóðsins. Mikilvægt er að verkefnasvið sjóðsins verði ekki skilgreint of þröngt. Í því samhengi er rétt að halda nokkrum mikilvægum atriðum til haga.

Sú aðferð að meta verkefnaumsóknir út frá tækniþróun, nýnæmi og verðmætasköpun hefur skilað góðum árangri á vettvangi AVS. Vandað mat fagraða og álit á umsóknum og verkefnum og forgangsriðun þeirra veitti sjóðnum áhrif langt umfram þau sem rekja má með beinum hætti til þeirra fjármuna sem hann hafði yfir að ráða. Aðrir styrktaraðilar og þátttakendur hafa



Þannig tekið mið af mati og forgangs röðun verkefna á vettvangi AVS og stutt verkefni sem hlotið hafa brautargengi hjá AVS sjóðnum og framhald þeirra.


Samstarf sjávarútvegs og iðnaðar til tækniþróunar með tilstuðlan AVS sjóðsins hefur átt mikilvægan þátt í að lyfta grettistaki í fiskvinnslutækni og fleiri greinum á tíma AVS sjóðsins. Þessu samstarf ber að halda áfram með aðkomu hins nýja Matvælasjóðs.

Samtökin telja mikilvægt að takmarkaðir fjármunir Matvælasjóðs verði nýttir að fullu til rannsókna, nýsköpunar og þróunar sem nýtist atvinnugreinunum sem heild, en verði ekki notaðir til að styrkja fjárfestingar eða rekstur einstakra fyrirtækja enda yrði þá lítið úr.

Til viðbótar við þætti sem snerta framleiðslu matvæla með beinum hætti er mikilvægt að sjóðurinn styrki einnig verkefni sem snúa að því að viðhalda öflugri og óskertri virðiskeðju matvæla allt til neytenda, innanlands sem utan. Má þar nefna þróun aðbúnaðar og varðveislu vörunnar í flutningi, þætti sem ella gætu hamlað útflutningi svo sem eins og mælingar á óæskilegum efnum í matvælum og margt fleira.

Til að sjóðurinn geti látið sem mest gott af sér leiða er mikilvægt að hann leitist við að mynda samstarf ólíkra aðila til rannsókna og þróunar á heildstæðum lausnum á sameiginlegum viðfangsefnum atvinnugreinar í heild. Jafnframt telja samtökin að jákvætt væri að leita leiða til samlegðaráhrifa og þekkingaryfirfærslu sjávarútvegs og landbúnaðar.

F.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



Kristján Þórarinnsson



Hrefna Karlsdóttir

